

Sp. 204. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]
um félagsheimili.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Gunnar Gíslason, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til að inna af hendi hið fyrsta lögboðnar greiðslur til félagsheimila.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um félagsheimili nr. 107 frá 1970 rennur skattur af skemmtunum í félagsheimilaskjóð, eftir því sem nánar segir í lögum um skemmtanaskatt.

Verja skal allt að 90% af tekjum skjóðsins til að styrkja byggingu félagsheimila, en 10% skulu renna í menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum.

Leyfi menntamálaráðherra þarf til þess að hefja byggingu félagsheimilis, sem njóta á styrks skv. lögum. Ráðherra getur bundið þetta leyfi ýmsum skilyrðum. Staðsetning hússins og teikning er háð samþykki ráðherra. Styrkur til byggingar félagsheimilis má ekki nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði.

Bygging félagsheimilis er mjög mikið átak og kostar ærið fé. Í slíkt fyrirtæki er því varla ráðizt nema að vel athuguðu máli og í trausti þess, að ekki þurfi að bíða eftir ríkisframlaginu árum saman. Sú hefur þó orðið raunin á, að myndast hefur langur hali af ógreiddum framlögum til félagsheimila. Veldur það viðkomandi aðilum miklum óþægindum. Úr þessu hefur verið reynt að bæta með útgáfu ríkistryggðra skuldabréfa, sbr. 5. gr. l. nr. 107 frá 1970. Með þeim lögum voru þó jafnframt skertar tekjur til félagsheimilisbygginga, þegar ákveðið var, að 10% tekna skyldu renna í menningarsjóð félagsheimila. Þeim sjóði skal varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Gera verður ráð fyrir því, að slíkt starfsemi geti vart hafizt, fyrr en húsið er fullbyggt. Ber því allt að sama brunni, að félagsheimili þau, sem eru í smíðum, verða að bíða tímunum saman eftir þeim byggingarstyrk, sem þeim hefur heitinn verið, eignaraðilum til óhagræðis og tjóns.

Tillaga þessi er flutt til að vekja athygli á þessu máli og leita úrræða til að hraða umræddum greiðslum og létta því fólki róðurinn, sem vinnur að því að byggja upp aðstöðu til félags- og menningarlífs í byggðum landsins.

Greinargerð um hag félagsheimilasjóðs og framtíðarhorfur er prentuð hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Félagsheimilasjóður.

Þann 2. maí 1972 barst frá ríkisbókhaldinu uppgjör skemmtanaskatts ársins 1971. Það ár er hið fyrsta, sem sjóðurinn hlýtur tekjur að 100% af innheimtum skemmtanaskatti heils árs í samræmi við lög frá 4. maí 1970 um skemmtanaskatt (lög nr. 107/1970).

Innheimta á árinu	kr. 27 056 616.30
Innheimtulaun 2%	— 541 132.00
	<hr/>
	kr. 26 515 484.30
Endurgreiðslur á skatti samkv. lögum	kr. 7 024 442.20
Sinfóníuhljómsveit 10%	— 2 651 548.40
	<hr/>
	kr. 9 675 990.60
	<hr/>
	kr. 16 839 493.70
Menningarsjóður félagsheimila 10%	— 1 683 949.37
	<hr/>
Félagsheimilasjóður	kr. 15 155 544.33

Úthlutun þessara tekna félagsheimilasjóðs hefur farið fram, og að henni lokinni er hagur sjóðsins gagnvart þeim, sem hafa lokið framkvæmdum og sjóðurinn átt óuppgert við 1. jan. 1971, og þeim, sem síðan hafa unnið að smíði félagsheimila, þessi:

1. Inneign eigendafélaga félagsh. 1/1 '71	kr. 47 104 190.56
2. Fyrsta greiðsla af fjórum, svo inneigninni sé lokið í des. '74 (úthl. tekna félagsheimilasj. 1971)	— 11 465 732.49
	<hr/>
3. Eftirstöðvar af inneign frá 1/1 '71	kr. 35 638 458.07
4. Kostnaður á árinu '71 við smíði félagsheimila, sem ólokið var 1/1 '71	— 48 759 145.37
5. Þátttaka félagsheimilasjóðs í framkvæmdakostnaði 1972	— 19 194 200.00
6. Úthl. tekna félagsheimilasj. '71 upp í þátt., sem greint er frá undir lið 5	— 3 587 615.82

7. Aukning inneignar framkvæmdaaðila	kr. 15 606 584.18
8. Eftirstöðvar inneignar frá 1/1 '71 (sjá lið 3)	— 35 638 458.07
9. Skuld félagsheimilasj. 1/1 '72	kr. 51 245 042.25
10. Inneign aðila hefur því frá 1/1 '71 vaxið um	— 4 140 851.69

Framkvæmdakostnaður þeirra aðila, sem 1/1 '71 áttu og eiga enn félagsheimili í smíðum, mun fara minnkandi í ár og tvö næstu ár, en þó mun hann verða það hár, að 1/1 '75, þegar skuld sjóðsins við félagsheimilin frá 1/1 '71 er greidd, verður ógreidd þátttaka sjóðsins um 20.0 millj. kr.

Við þessu var varað, þegar frumvarp til breytinga á lögum um félagsheimili var til umræðu 1970 á Alþingi og samþykkt var að stofna til menningarsjóðs félagsheimila með því að rýra tekjur félagsheimilasjóðs um 10% árlega.

Engin ný félagsheimili hafa verið samþykkt, en í undirbúningi eru um 20.

Tekjur félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti 1973 eru áætlaðar 15.2 millj. kr. (Menningarsjóður félagsheimila er þá undanskilinn, en tekjur hans áætlaðar 1.7 millj. kr.)

Þorst. Einarsson.